

4.tbl.
16. feb. 2022
29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



HÚSASMÍÐJAN

Söluskrifstofa á Húsavík

Höfum opnað
söluskrifstofu okkar
að Norðurgarði 4.

Verið velkomin

Afgreiðslutími

Virka daga: 08:00 - 12:00

Jón Þormóðsson, söluráðgjafi
tekur vel á móti ykkur

Jón Þormóðsson, söluráðgjafi: 664 3659
Netfang: nonnith@husa.is

Opinn fundur

Um sveitarstjórnarmál í sameinuðu sveitarfélagi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.



FRAMSÓKNARFLOKKURINN

Laugardaginn 19. feb.
Klukkan 11:00.
Dalakofinn, Laugum.

Framsóknarfélag Þingeyinga



Aðalfundur Mývetnings

Aðalfundur Mývetnings íþróttá- og ungmennafélags verður haldinn á Sel-Hótel Mývatni þann 3. mars næstkomandi.

Fundurinn hefst klukkan 20:00. Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf.

Óskum eftir kraftmiklu fólki í stjórn og varastjórn til að taka þátt í skemmtilegu starfi í góðum félagsskap.

Endilega hafið samband á netfangið mynetningur@gmail.com eða á Facebook-síðu Mývetnings fyrir nánari upplýsingar.

Stjórn Mývetnings



SUNNUDAGINN 6. MARS

KL. 09:00 - 16:00

Í MATARSMÍÐJUNNI Á LAUGUM

NÁMSKEIÐ Í ÚRBEININGU

Á þessu námskeiði er farið í gegnum helstu aðferðir við sundurhlutun og vinnslu á ærskrokk. Farið er í nýtingu, hreinlæti og þökkun.

Eftir námskeiðið eiga þátttakendur að hafa öðlast aukna innsýn í hvernig skal vinna að og nýta skrokk auk þess ganga frá kjöti sem best til geymslu.

Innifalið í námskeiðinu er einn skrokkur á hvern þátttakenda sem hann fær að taka með heim að loknu námskeiði, unnin eftir eigin óskum. Einnig er möguleiki að koma með eigin skrokk hvort sem hann er í heilu lagi eða hefðbundinni 7 parta sögun.

Þetta námskeið hentar öllum sem vilja auka þekkingu sína á vinnslu og frágangi afurða, sérstaklega þeim sem hafa áhuga á heimavinnslu afurða.

SKRÁNING Á HAC.IS
S. 464-5100
VERÐ: 45.000 KR.



Þátttakendum er bent á að kanna rétt sinn til endurgreiðslu hjá sínu stéttarfélagi



Fundargerð

314. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Félagsheimilinu Breiðumýri, fimmtudaginn 10. febrúar 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Eyþór Kári Ingólfsson, Ásvaldur Evar Þormóðsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson og Dagbjört Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir að bæta einu máli á dagskrá undir 2. lið; 2202012-Landsbyggðar hses. Aðrir liðir farast neðar á dagskrá sem því nemur. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Nemendur Stórutjarnaskóla: Beiðni um ný leiktæki - 2201021

Lagt fram erindi frá nemendum 8.-10. bekkjar Stórutjarnaskóla, ódags. Þar sem óskað er eftir fjármagni til kaupa á nýjum útileiktækjum fyrir unglinga.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar því til Fræðslunefndar til frekari skoðunar í samráði við nemendur.

2. Landsbyggðar hses. - 2202012

Samband íslenskar sveitarfélaga og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) hafa undanfarið unnið drög að samþykktum fyrir eina húsnæðissjálfsseignarstofnun (hses.) fyrir landsbyggðina.

Markmið fyrirhugaðrar hses. er að stuðla að uppbyggingu og framboði á almennum íbúðum utan höfuðborgarsvæðisins. Gert er ráð fyrir að öll sveitarfélög utan höfuðborgarasvæðisins geti lagt íbúðir inn í félagið eða tekið þátt í uppbyggingu.

Einnig er markmiðið að ná stærðarhagkvæmni sem næst síður með minni hses félögum sem eiga aðeins fáar íbúðir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að visa erindinu til stjórnar Leiguíbúða Þingeyjarsveitar hses. til frekari skoðunar.

3. Saga urriðaveiða í Laxárdal og Mývatnssveit: Beiðni um styrk - 2201018

Tekið fyrir öðru sinni erindi frá Jóni Aðalsteini Þorgeirssyni f.h. ritnefndar um verkefnið; Laxá í Þing. - Saga urriðaveiða í Laxárdal og Mývatnssveit, dags. 17.01.2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að visa erindinu til Félags- og menningarmálanefndar.

4. Viðauki við fjárhagsáætlun 2022: Sundlaugin á Laugum - 2202008

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun 2022.

Viðauki nr. 1; Framkvæmdir við Sundlaugin á Laugum að fjárhæð 11 millj. kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðan viðauka, 11 millj.kr. við fjárhagsáætlun 2022 sem mætt verður með skammtíma lántöku.

5. Nauðsynleg viðbrögð sveitarfélaga vegna breytingar á barnaverndarlögum - 2202007

Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 1.02.2022 um umdæmisráð barnaverndar.

Alþingi hefur samþykkt breytingar á barnaverndarlögum sem fela í sér grundvallar-breytingu á uppbyggingu barnaverndar innan sveitarfélaga. Samkvæmt lögnum

verða barnaverndarnefndir lagðar niður og í stað þeirra verða starfræktar tvær aðskildar einingar á vettvangi sveitarfélaga, annars vegar barnaverndarþjónusta og hins vegar umdæmisráð barnaverndar. Breytingar taka gildi þann 28. maí 2022.

Mikilvægt er að sveitarfélög sem þurfa að sameinast um umdæmisráð hefji viðræður sem fyrst um mögulega útfærslu ráðanna.

Lagt fram til umræðu.

6. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerðir - 18040-06

Fundargerð 906. fundar stjórnara Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lögð fram til kynningar.

7. Fundur með þingmönnum Norðausturkjördæmis - 2202009

Kjördæmadagur verður þriðjudaginn 15. febrúar n.k. og sveitarfélög austan Vaðlaheiðar eiga bókaðan fund með þingmönnum frá kl. 10:00 til 12:00 og sveitarfélög vestan Vaðlaheiðar frá kl. 12:45 til 15:00.

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 14:32.

Purrkur ehf boðar til fundar um

Kornrækt í Þingeyjarsýslum.

Fundurinn verður haldinn í Dalakofanum á Laugum

kl 11:30, fimmtudaginn 17. feb nk.

Rætt verður um kaup félagsins á þreskivél og hlutafjár aukningu félagsins í því tilliti.

Fundurinn er opinn öllum sem hafa áhuga á kornrækt og matvælaframleiðslu og hvetur stjórn áhugasama til að taka þátt í eflingu kornræktar á svæðinu

Súpa og brauð fyrir fundargesti í lok fundar.

Opið verður fyrir skráningu fyrir auknu hlutafé á fundinum auk þess sem stjórn veitir nánari upplýsingar

Jóna Björg s. 845 4800

Haukur 843 9140

Sigurður 848 5784



Í samræmi við samþykkt 75. fundar sveitarstjórnar Skútustaðahrepps auglýsir sveitarstjórn vetrarveiðirétt Kálfastrandar árið 2022 til leigu. Um er að ræða netaveiði í marsmánuði 2022 auk réttar til öngulveiði á sama tímabili. Annars vegar veiðirétt Kálfastrandar 1, samtals 66 lagnir, að hámarki 5 net. Hins vegar veiðirétt Kálfastrandar 2, samtals 66 lagnir, að hámarki 4 net. Öllum íbúum Skútustaðahrepps gefst kostur á að gera tilboð í veiðiréttinn vegna komandi vetrarveiðitímabils.

Í samræmi við reglur Veiðifélags Mývatns verður hvort leyfi aðeins gefið út á einn aðila.

Tilboðum skal skila í tölvupósti á Helgi@skutustadahreppur.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir kl 12:00, þriðjudaginn 22. febrúar.

AÐALFUNDUR

Félag eldri Mývetninga heldur aðalfund í Skjólbrekku
fimmtudaginn **24. febrúar kl. 14:00.**

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Miðdagskaffi í boði félagsins

Nýir félagar 60 + hjartanlega velkomnir

Stjórnin



LAUGARDAGINN 5. MARS
KL. 09:00 - 15:00
Í MATARSMÍÐJUNNI Á LAUGUM

PYLSUGERÐAR- NÁMSKEIÐ

Á námskeiðinu eru kennd undirstöðuatriðin að pylsugerð. Farið er yfir helstu þætti sem snúa að pylsugerð, t.d. vali á kryddum, saltmagni, fituprósentum og uppskriftargerð. Nemendur búa til tvær uppskriftir út frá grunni kennara. Innifalið í námskeiðinu er sirka 2 kg af pylsum.

Þetta námskeið hentar öllum þeim sem vilja öðlast aukna innsýn í mismunandi vinnsluþætti kjötvara. Námskeiðið hentar bæði byrjendum og lengra komnum.

SKRÁNING Á HAC.IS
S. 464-5100
VERÐ: 25.000 KR.



Þátttakendum er bent á að kanna rétt sinn til endurgreiðslu hjá sinu stéttarfélagi

ERU GÖNGUSKÍÐIN RYKFALLIN?

Engar áhyggjur, snjórinn er kominn og tími til að rifja upp gamla takta!

Í tilefni Vetrarhátíðar við Mývatn stendur Mývatnsstofa fyrir ókeypis gönguskiðanámskeiðum fyrir heimamenn. Þinn tími er kominn!

Þrjú ör-námskeið eru í boði:

- Þriðjud. 8. mars frá 16:30-18:30. Mæting við Sel-Hótel Mývatn.
- Miðvikud. 9. mars frá 16:30-18:30. Mæting við Sundlaugína á Laugum.
- Fimmtud. 10. mars frá 16:30-18:30. Mæting á bílaplan Skógræktarinnar í Vaglaskógi.

Leiðbeinandi er Þóroddur frá Grænavatni. Skráningar sendast á asdis@myvatn.is. Í skráningu þarf að koma fram hvert skíðanámskeiðanna þriggja er verið að skrá sig á og símanúmer.

Athugið!

Takmarkaður fjöldi á hvert námskeið, fyrstur skráir sig, fyrstur fær!

WWW.VETRARHATID.COM



Ertu að leita að sumarstarfi?

Skógræktin óskar eftir fólki til vinnu á tjald- og hjólhýsasvæðum í Vaglaskógi sumarið 2022.



- ◆ Um er að ræða sumarstarf frá því í lok maí og fram yfir miðjan ágúst.
- ◆ Í starfinu felst meðal annars að sjá um innheimtu, þrif, umhirðu og eftirlit.
- ◆ Oft er um að ræða mikla vinnu og þannig möguleiki á ágætum sumartekjum.

Skilyrði

- ◆ Vera orðin 18 ára.
- ◆ Hafa bílpróf.
- ◆ Lágmarks tungumálakunnátta: Íslenska og enska.
- ◆ Að eiga auðvelt með mannleg samskipti.
- ◆ Vera sjálfstæð/ur og drífandi.
- ◆ Vera tilbúinn til vinnu um helgar.

Launakjör skv. kjarasamningi Starfgreinasambandsins.
Í boði er ókeypis húsnæði fyrir starfsfólk.

Upplýsingar veitir: Rúnar Ísleifsson sími: 896 3112 og email: runar@skogur.is